



## Rafrænar undirskriftir teikninga

Grindavíkurbær hefur tekið upp rafrænt samþykktarferli fyrir alla uppdrætti bygginga.

Hönnuðir geta nú sent inn teikningar á tölvutæku formi (pdf) og undirritað þær rafrænt. Hér að neðan eru nokkur atriði sem huga þarf að til að ferlið gangi sem best.

- Mjög mikilvægt er að teikningarnar séu í "Landscape" og snúi allar eins.
- Efst í hægra horni teikningar þarf að vera kassi 70mm hár og 100mm breiður, þetta er sérstaklega mikilvægt í rafrænu ferli þar sem staðfestingar lenda ekki rétt nema þessi kassi sé réttur. Bent er á grein 4.2.3 í byggingarreglugerð.
- Hönnuðir geta sent inn allar sínar teikningar í einum "binder" og kerfið mun aðskilja teikningarnar fyrir undirskrift.
- Einungis má senda inn eina tegund af teikningum í einu, til dæmis má ekki senda lagna og burðarþolsuppdrætti saman, heldur þarf að senda hvora tegund inn sérstaklega.

Gjald fyrir rafrænar undirskriftir er skv. Gjaldskrá byggingarleyfis og þjónustugjalda hverju sinni og greiðist af eiganda mannvirkis. Allar teikningar eru undirritaðar sérstaklega, ekki er hægt að undirrita margar teikningar í einu.

Ef einhverjar spurningar vakna þá má hafa samband við bæjaskrifstofu eða senda tölvupóst á [bygg@grindavik.is](mailto:bygg@grindavik.is)